

FRÉTTATILKYNNING

Dags. 03.04.2001

Álit samkeppnisráðs um samkeppnishamlandi ákvæði í lögum og reglum um innflutning á grænmeti

Á fundi sínum hinn 30. mars sl. afgreiddi samkeppnisráð álit til landbúnaðarráðherra varðandi samkeppnishömlur í fyrirkomulagi innflutnings á grænmeti. Í álitinu bendir samkeppnisráð á að verðlag á grænmeti hérlendis hafi á undanförunum árum hækkað umtalsvert umfram aðra matvöru, andstætt því sem vænst var með þátttöku Íslendinga í GATT-Úrúgvæ-samningnum, og að grænmetisneysla hafi staðið í stað, þvert á opinber manneldismarkmið. Þá er að mati samkeppnisráðs líklegt að verndartollar á innflutt grænmeti hafi auðveldað innlendum grænmetisframleiðendum og dreifingarfyrtækjum að hafa með sér ólöglegt samráð í því skyni að halda uppi grænmetisverði. Af þessum ástæðum beinir samkeppnisráð því til landbúnaðarráðherra að hann hafi frumkvæði að endurskoðun lagaákvæða sem varða innflutning á grænmeti í því skyni að efla samkeppni og lækka verð til íslenskra neytenda.

Í álitinu samkeppnisráðs eru rakin þau ákvæði búvörulaga og tollalaga sem mæla fyrir um verðtolla og magntolla á innflutt grænmeti. Með lögfestingu EES-samningsins og síðar GATT-Úrúgvæ-samningsins var dregið úr beinum innflutningshömlum m.a. á innflutt grænmeti, en þess í stað skyldu tollar vernda innlenda framleiðslu. Gert var ráð fyrir að tollar þessir færu lækkandi.

Reyndin hefur hins vegar orðið sú að magn- og verðtollar á innflutt grænmeti hafa ekki lækkað frá gildistöku GATT-Úrúgvæ-samningsins árið 1995, og í svari landbúnaðarráðuneytisins við fyrirspurn frá Samkeppnisstofnun frá því í september sl. kom fram að ekki sé vitað til þess að fyrirhugaðar væru breytingar á núverandi tollafyrirkomulagi. Samkeppnisráði þykir sýnt af svörum ráðuneytisins, og viðhorfum sem komu fram í skýrslu ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara frá mars 1995, að einhliða tillit til hagsmuna innlendra grænmetisframleiðenda hafi ráðið því að tollar á innflutt grænmeti hafi ekki verið lækkaðir. Því telur samkeppnisráð að markmið GATT-Úrúgvæ-samningsins um að draga úr viðskiptahömlum til að örva milliríkjavíðskipti og auka valfrelsi neytenda hafi ekki verið haft að leiðarljósi við framkvæmd landbúnaðarráðuneytisins á ákvæðum um álagningu tolla á innflutt grænmeti.

Samkeppnisráð bendir á mikla samþjöppun á markaði fyrir dreifingu á íslensku grænmeti og þá staðreynd að fyrirtæki í dreifingu hafa nánast haft einokunarstöðu í skjóli einkasölusamninga við framleiðendur. Þá eru afurðafyrirtæki grænmetisframleiðenda og önnur dreifingarfyrtæki helsta uppspretta upplýsinga og gagna sem stjórnvöld byggja á við töku ákvarðana um álagningu tolla o.þ.h. Megi færa fyrir því rök að hið ólöglegu samráð dreifingarfyrtækja, sem fjallað var um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001, hafi gert þessum aðilum kleift að miðla samræmdum upplýsingum um markaðsstöðu til stjórnvalda og hafa þannig áhrif á innflutningsverndina.

Bent er á, að grænmetisneysla Íslendinga sé mun minni en annarra þjóða, og valdi þessu m.a. hátt verðlag. Til dæmis hafi hver Íslendingur árið 1997 neytt 31 kg. af grænmeti. Norðmenn hafi neytt um 44% meira, Finnar 52% meira og Svíar 65% meira. Enda þótt Manneldisráð hafi hvatt til aukinnar grænmetisneyslu, hefur neyslan nánast staðið í stað síðan GATT-Úrúgvæ-samningurinn tók gildi árið 1995. Hvorki hafi verið um að ræða lækkun tolla né aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda í því skyni að lækka grænmetisverð og auka þar með aðgengi neytenda að því. Hins vegar hafi dreifingarfyrtæki innlendrar grænmetisframleiðslu leitast við að halda tollvernd á innlendri framleiðslu sem lengst og þannig reynt að halda uppi verði á grænmeti. Þá sýni ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 að fyrirtæki m.a. á markaði fyrir dreifingu grænmetis hafi haft með sér ólögmætt samráð og stundað aðrar ólögmætar samkeppnishindranir. Markmið þessa alls hafi verið að stuðla að verðhækkunum eða koma í veg fyrir verðlækkunar á grænmeti.

Samkeppnisráð bendir á að leiða megi að því líkur að tollvernd innlendrar framleiðslu hafi að sínu leyti auðveldað dreifingarfyrtækjunum hinar samræmdu samkeppnishömlur. Vísbendingar séu í þá átt að verðlagning á vörum a.m.k. eins grænmetisfyrtækis hafi að einhverju leyti ráðist af þeirri vernd sem felst í innflutningstollum.

Það er vel þekkt, að verðlag á grænmeti hérlendis er hærra en í helstu samanburðarlöndum. Athugun á þróun smásöluverðs á grænmeti á tímabilinu 1993-2000 hefur leitt í ljós að á þessum tíma hafa flestar tegundir grænmetis hækkað umtalsvert meira en sem nemur hækkun á vísitölu neysliverðs. Þá sýnir samanburður á verðþróun við önnur Evrópulönd að verðlag á grænmeti hérlendis hefur hækkað mun meira en í Evrópulöndum, þar sem það hefur almennt hækkað mjög lítið eða jafnvel lækkað. Þetta er svo, þrátt fyrir að smásöluverðlag hafi að öðru leyti þróast með svipuðum hætti á Íslandi og í Evrópulöndunum.

Niðurstaða samkeppnisráðs er því sú, að væntingar um lægra vöruverð í kjölfar EES- og GATT-samninga hafi ekki gengið eftir. Bent er á, að hvers konar aðgerðir sem takmarka aðgang vöru að markaði og draga úr möguleikum fyrirtækja að keppa fari gegn markmiðum samkeppnislaga, séu til þess fallnar að hækka verðlag og séu andstæðar hagsmunum neytenda. Með vísan til þessa beinir samkeppnisráð því til landbúnaðarráðherra að hann hafi frumkvæði að því að tekin verði til endurskoðunar þau ákvæði tolla- og búvörulaga sem hindra influtning á grænmeti og draga úr samkeppni á markaði fyrir þær vörur. Endurskoðunin hafi það að markmiði að efla samkeppni í viðskiptum með grænmeti þannig að hún megi leiða til lækkunar vöruverðs fyrir íslenska neytendur.